

Mannfræði Höllu biskupsmóður

I

Sögur af biskupum eru helstu heimildirnar um bóklega menntun á Íslandi á miðoldum.¹ *Porláks saga* greinir frá því að Halla, móðir Þorlákss, hafi komið syni sínum til mennta hjá Eyjólfí presti Sæmundarsyni í Odda.² Söguhöfundur lýsir þeirri virðingu sem Þorlákur bar fyrir meistara sínum, eða fóstra. Með lofsamlegu hátterni sínu er Eyjólfur fyrirmyn din sem Þorlákur vill líkja eftir, í anda I. Kór. 11:1, sem höfundur vitnar til: „Veri þér eptirglíkjarar mímir sem ek em Krists.“ Í lýsingunni á Eyjólfí er fólginn kjarninn í tilgangi helgrar ævisögu, eins og biskupasögurnar eru. Ævisögur helgra manna, og þeirra sem gegndu helgum embættum, hafa það markmið “að kenna með dæmum”, sem aðrir gátu síðan líkt eftir.³ Gjörðir þeirra manna, sem lifðu í anda Krists voru viðtekin fyrirmund innan kristins samfélags. Þorlákur líkti eftir Eyjólfí, en hann átti svo sjálfur eftir að verða öðrum fremur fyrirmund til eftirbreytni, sem helgur maður og sporgöngumaður Krists.

Eyjólfur Sæmundarson í Odda er einn þeirra presta af höfðingjastétt sem vitað er að hafi séð um uppfræðslu ungmenna í Skálholtsbiskupsdæmi á 11.–12. öld. Hann er kallaður fóstri Þorláks, og sama máli gegnir um Teit Ísleifsson í Haukadal, Ari fróði kallar hann fóstra sinn. Svo virðist því sem fóstri hafi bæði getað átt við kennara og þann sem elur önn fyrir einhverjum.⁴ Ummæli *Grágásar*: „en maðr tekr prestling til kirkju sinnar at lögmáli; hann skal fá hónum kennslu

¹ Um menntun á Íslandi og biskupasögur sem heimildir um hana, sjá Sverrir Tómasson 1988, 20–35.

² *Biskupa sögur* II 2002, 49.

³ Sbr. Heffernan Oxford, 1988, einkum 5, 19, 28–30.

⁴ Sbr. Sverrir Tómasson 1988, 20–21.

MANNFRÆÐI HÖLLU BISKUPSMÓÐUR

ok fóstr,“ benda einnig til þess að svo hafi verið.⁵ Frásögn sögunnar er fáorð um nám Þorláks, en af henni má þó ráða að hann hafi lært klerkleg fræði hjá fóstra sínum í Odda: „Eyjólfir virði Þorlák mest allra sinna lærisveina um þat allt er til kennimannsskapar kom.“⁶ En samkvæmt sögunni virðist Þorlákur hafa numið fleira á unga aldri en klerklegu fræðin í Odda:

Sú var þá hans iðja er hann var á ungum aldri at hann var löngum at bóknámi, en at riti optliga, á boenum þess í millum, en nam þá er eigi dvalði annat þat er móðir hans kunni kenna honum, áttvísí ok mannfrœði.⁷

Hér er Þorláki lýst sem dæmigerðum ungum dreng í helgisögu, sem hafnar ærslafullum barnaleikjum en snýr sér þess í stað að bókum og bænalestri.⁸ Fyrri og hefðbundnari hluti ofangreindrar tilvitnunar vísar til námsins í Odda, bóknámsins, en í seinni hlutanum er vikið að þjóðlegri menntun sem Þorlákur hlaut við móðurkné, áttvísí og mannfræði. Tvö önnur gömul rit segja einnig frá þessum „námsgreinum“. Í upphafi *Fyrstu málfræðiritgerðarinnar* segir: „Í flestum löndum setja menn á bökr annat tveggja, þann fróðleik er þar innan lands hefir gjörz eða þann annan er minnisamligastr þykkir.“⁹

Höfundurinn kveðst vilja rita Íslendingum stafróf, til þess að unnt verði að „rita ok lesa sem nú tiðisk“,¹⁰ og er áttvisin þar á meðal. Í formála *Hungurvöku* greinir höfundur frá tilgangi söguritunar sinnar og segir þá meðal annars: „Þat berr ok annat til þessa rits at teygja til þess unga menn at kynnisk várt mál at ráða, þat er á norrönu er ritat, lög eða sögur eða mannfrœði.“¹¹

⁵ Grágás I 1832, 17–18.

⁶ Biskupa sögur II 2002, 50.

⁷ Biskupa sögur II 2002, 50–51.

⁸ Þessi bernskulýsing gefur til kynna að hinn helgi maður muni verða frábrugðinn öðrum mönnum og ætlað annað hlutverk, bæði í jarðnesku lífi og að því loknu. Um þetta má finna dæmi í fjölmörgum sögum, s.s. *Ambrosius sögu* og *Benedictus sögu*. Sjá einnig Weinstein og Bell 1982, 19–47.

⁹ *The First Grammatical Treatise* 1972, 206.

¹⁰ *The First Grammatical Treatise*, 208.

¹¹ Biskupa sögur II 2002, 3.

RITUN OG PÝDINGAR

Áttvísí merkir ættfræði og með mannfræði er væntanlega átt við fróðleik um menn, að kunna skil á forfeðrum sínum.¹² Samkvæmt *Porláks sögu* var það hlutverk móðurinnar að kenna syni sínum innlendu fræðin. Hún fyllir því flokk þeirra fróðu einstaklinga, karla og kvenna, sem heimildir greina frá að hafi haft slíkan fróðleik á takteinum og miðlað honum. Aðrar kunnar fróðleikskonur eru hin margspaka og óljúgfróða Þuríður Snorradóttir, sem Ari fróði nefnir meðal heimildamanna sinna í *Íslendingabók*¹³ og Snorri Sturluson getur einnig í Heimskringluformála sínum,¹⁴ og Guðný Böðvarsdóttir, amma Sturlu Þórðarsonar.¹⁵

II

Porláks saga er fyrsta íslenska játarasagan. Hún fylgir hefðbundnu frásagnarmynstri sagna um helga biskupa, og sem slík ber hún lærðomi höfundar gott vitni.¹⁶ Þegar sagan er rituð má gera ráð fyrir því að íslenskir lesendur eða áheyrendur þekki þetta frásagnarmynstur af þýddum sögum annarra biskupa og játara. Í þessum sögum er æviferli og persónuleika játarans lýst með svipuðum hætti. Guðleg forsjá stýrir öllu lífi hans og braut hans er mörkuð frá upphafi. Hann er námfús og guðrækinn frá bernsku, bregst af lítillæti við biskupskjöri, er mildur en um leið staðfastur í biskupsdómi sínum. Hann gerir kraftaverk í lifanda lífi og á dauðastundinni sjást ótvírað merki um helgi. Líkið er fagurt ásýndum og eftir dauðann gerast jarteinir, sem staðfesta endanlega að guð hefur útvalið hann sem helgan mann og meðalgöngumann milli jarðneskra manna og guðdóms. Íslenskir áheyrendur hafa því getað samsamað Þorlák þessum helgu mönnum og skilið að hann væri

¹² Sjá de Vries 1964–1967, 351–352. Um eðli og tilgang þessara og annarra innlendra fræða fjallar Sigurður Líndal 1974, 260. Hann bendir á að flestir hafi þurft að kunna skil á lögum landsins og þekkja ætt sína og uppruna til þess að gæta réttar síns í samfélagit. Einnig hafi menn varðveitt og miðlað frásögnum af atburðum og eigin reynslu. Þessi fróðleikur hafi síðan tengst munnmálum og skáldskap.

¹³ *Íslendingabók*. 1968, 4.

¹⁴ *Heimskringla* I 1941, 7.

¹⁵ Sbr. *Eyrbyggja saga* 1935, 183–184. Sjá einnig Guðrún Ása Grímsdóttir 1988, 11.

¹⁶ Ásdís Egilsdóttir 1989; Koppenberg 1980.

MANNFRÆÐI HÖLLU BISKUPSMÓÐUR

einn af þeim og heyrði þannig til samfélagi heilagra manna.¹⁷ En það er ekki fráleitt að ætla að viðtakendur sögunnar hafi einnig þekkt annars konar frásagnir. Gera má ráð fyrir því að innlendar frásagnir, *mannfræði* í formi hefðbundinnar frásagnarlistar, hafi gengið manna á meðal, frásagnir af því tagi sem síðar urðu uppistaða í þær sögur sem kallast *Íslendingasögur*. Á bak við hefðbundið form og tungumál lífssögu helgs játara í *Porláks sögu* gæti því leynst vísun í þessa hefðbundnu innlendu frásagnarlist. Eins og Aron Gurevich hefur bent á, má oft greina þjóðsöguleg sagnaminni innan helgisögunnar og persónulýsingin getur einnig dregið dám af þjóðlegri hefð.¹⁸

Eitt algengasta frásagnarmynstur í hefðmótum íslenskum miðaldabókmenntum er utanfararmynstrið.¹⁹ Þetta mynstur kemur víða fyrir í *Íslendingasögum* og er kjarni flestra *Íslendingaþátta*. Joseph Harris hefur fjallað sérstaklega um þá þætti sem lýsa samskiptum Íslendinga og konunga og sýndi fram á að frásagnargerð þeirra skiptist í eftirfarandi sex liði:²⁰

- I. Kynning.
- II. Utanför.
- III. Ágreiningur við höfðingja.
- IV. Sættir.
- V. Heimferð.
- VI. Niðurlag.

Í *Íslendingasögum* er utanfararmynstrið fáliðaðra en í þáttunum, enda eiga kynning og niðurlag ekki við þar. Heppilegra er einnig að kalla annan liðinn í mynstri þáttanna *prófraunir* (*tests*) fremur en *ágreining* (*alienation*):²¹

- I. Utanför.
- II. Prófraunir, oft unnar fyrir erlenden konung eða höfðingja.

¹⁷ Sbr. Heffernan 1988, 150–157.

¹⁸ Gurevich 1988, 49–50, einnig: Delehaye 1921, 438.

¹⁹ Sbr. Lönnroth 1976, 71–76.

²⁰ Harris 1972, 1–27 og 1976, 1–28; Vésteinn Ólason 1985, 60–75.

²¹ Sbr. Lönnroth 1976, 75. Lönnroth hefur reyndar liðina aðeins þrjá. Vésteinn Ólason hefur einnig fjallað um utanfararmynstrið (1983, 139). Hann hefur liðina fjóra og bætir við þriðja liðnum. Viðurkenningu höfðingja. Þeirri greiningu er fylgt hér.

RITUN OG PÝDINGAR

III. Viðurkenning höfðingjans, sem yfirleitt kemur fram í dýrmaðum gjöfum, auk boðs um að dveljast við hirð hans.

IV. Útkoma.

Utanfararmynstur *Íslendingasagnanna* geginir oft hlutverki einskonar manndómsvíglu söguhetjanna. Þær þurfa að standast ýmiskonar prófraunir og öðlast síðan viðurkenningu við hirð konunga eða jarla. Eftir útkomuna kemur venjulega að því að þeir velja sér kvonfang.

Ísleifs þáttir byskups,²² þar sem aðalpersónan er Ísleifur Gissursson, virðist sundurlaus við fyrstu sýn, en hann fylgir þó að mestu leyti fyrrgreindri frásagnargerð þátta.²³ Í Ísleifs þætti er öll frásögnin og lýsing biskups með veraldlegum blæ, gjörólík helgisögulegum frásagnarhætti *Hungurvöku*, þar sem ímynd fyrsta biskupsins er greinilega ætlað að helga upphaf biskupsstólsins í Skálholti. Höfundur *Hungurvöku* dregur fram að aldur biskups samsvari aldri kristninnar í landinu og kraftaverk hans samsvara fyrstu kraftaverkum Krists.²⁴

Í þættinum segir frá utanför Ísleifs Gissursonar, hann fer fyrst til Saxlands en síðan til Noregs, „Ísleifr var þá prestr ok félítill er hann kom sunnan ór löndum.“²⁵ Í Noregi kemst hann í kynni við Brand örva Vermundsson og í þættinum er vísað til sömu atburða og sagt er frá í *Brands þætti*.²⁶ Í Ísleifs þætti gefur Brandur Ísleifi skikkju sem hann hafði ádur þegið að gjöf frá Ólafi helga Haraldssyni.²⁷ Það þykir að vonum tíðindum sæta við hirðina að Brandur skuli hafa gefið frá sér slíka gjöf og konungur biður um að fá að sjá prestinn sem Brandur gaf skikkjuna konungsaut. Þegar konungur kemst í kynni við Ísleif ákveður hann að gefa honum skikkjuna. Ísleifur svarar: „Herra, allgóð þótti mér áðr gjöfin Brands en þó miklu meiri virðing at þiggja af yðr.“²⁸ Þegar Ísleifur snýr heim með góða gjöf og virðingu konungs í farteskinu þykir frændum hans „ráð at styrkja hann með kvánfangi.“ Hann

²² *Biskupa sögur* II 2002, 335–338.

²³ Harris 1972, 15.

²⁴ Ásdís Egilsdóttir 1992, 217.

²⁵ *Biskupa sögur* II 2002, 336.

²⁶ *Brands þáttir örva* 1935, 189–191.

²⁷ Hlutverk og gildi gjafa er þema fjölmargra þátta, sjá Harris 1976, 7.

²⁸ *Biskupa sögur* II 2002, 336.

MANNFRÆÐI HÖLLU BISKUPSMÓÐUR

fer bónorðsför norður í Víðidal og biður Þórhall bónda um hönd Döllu, dóttur hans. Honum eru sett þau skilyrði að hann flytjist norður þangað, en hann vill ekki hverfa frá staðfestu sinni og mannaforráðum. Það verður síðan viljastyrk Döllu að þakka að úr ráðahagnum verður og þau Ísleifur setjast að í Skálholti. Sú mynd, sem dregin er upp af Ísleifi í þættinum, er því alfarið í anda innlendrar frásagnarhefðar.

Þorlákur Þórhallsson fer einnig utan og kemur út meiri maður. En sú vísun, sem greina má í ferðamynstrið í sögu hans, felst í því að sýna hann sem andstæðu hins hefðbundna kappa. Þegar Þorlákur snýr heim, eftir nokkurra ára námsdvöl erlendis, lýsir sagan honum með eftirfarandi hætti:

Hann var þá með sama lítillæti eða meira er hann kom aptr ór sinni brotferð sem hann hafði áðr verit, en eigi hafði hann sótt skart eða þessa heims skraut, sem margr sá annarr er minni fremð ok gæfu seckir í sinni brottferð en hann hafði sótt. Þat er ok margra manna siðvenja at þeir búask þá vandligar at vápnum ok klæðum er þeir koma út ór fqr ok þeir koma í meira val um slíka hluti en þeim hafi áðr til gefit. En Þorlákr hafði sér at fararblóma lærðom ok lítillæti ok marga góða siðu.²⁹

Samkvæmt stofnlögum erkibiskupsstólsins í Niðarósi var prestum bannað að bera vopn og ganga í skrautklæðum.³⁰ Höfundi sögunnar hefur áreiðanlega verið kunnugt um þetta lagaákvæði, sem auk þess er sótt í almenn kirkjulög, en sér einnig ástæðu til þess að bera Þorlák saman við menn sem viðtakendur sögunnar gætu hafa þekkt af eigin raun og af frásögnum. Hinn helgi maður og nýja fyrirmynnd er gerður fremri fornköppnum sem sóttust eftir þessa heims gæðum.³¹ Sá

²⁹ *Biskupa sögur* II 2002, 53.

³⁰ Lögin hafa verið talin frá ríkisþinginu 1152 eða 1153, ef til vill áratug yngri. Sbr. *Corpus Iuris Canonici* 1881, 884; Gallén 1980–1982, 185–187; *Íslenzkt fornþrófusafn* II, 754, 797. Ég þakka Gunnari F. Guðmundssyni fyrir að hafa bent mér á þessa lagagrein. Í *Sturlu sögu* ráðleggur Þorlákur reyndar presti að bera vopn, í nauðvörn, en það kemur einnig skýrt fram að presturinn er alls óvanur vopnaburði. Sbr. *Sturlunga sögu* I 1946, 112–113.

³¹ Athyglisvert er að í *Njáls sögu* segir svo um þá Gunnar og Kolskegg: „En er þeir kómu heim, urðu menn þeim feginir; þeir váru bliðir við heimamenn sína, ok hafði ekki vaxit dramb þeira“. *Brennu-Njáls saga* 1954, 84. Hér má sjá áhrif helgisagna á frásögnina.

RITUN OG PÝÐINGAR

maður sem menn skulu taka sér til fyrirmynðar, hefur andleg verðmæti til sýnis eftir heimkomuna, kristilegar dyggðir og menntun. Hann tekur hið eilífa fram yfir hið stundlega. Þorlákur kynnist höfðingjum í utanför sinni eins og veraldlegir kappar,³² en hér eru það ekki konungar og jarlar, heldur var hann með „mørgum góðum mónum, byskupum ok qðrum lærðum mónum ok ráðvöndum.“³³ Þetta eru menn sem greinilega eru fyrirmynð til eftirbreytni.

Strax og Þorlákur kemur heim frá námi kemur fram að ættingum Þorláks finnst tímabært að hann velji sér kvonfang. Hér eru tímamót í sögunni, Þorlákur fær vitrun í draumi sem um leið er köllun hans til kirkjunnar.³⁴ En í þessu efni greinir Þorlákur sig líka endanlega frá veraldlegum sögupersónum. Hann eignast kvonfang, en ekki konu af þessum heimi, brúður hans er kirkjan. Með ákvörðun sinni brýtur hann einnig í bága við vilja ættarinnar.³⁵ En ákvörðun Þorláks er í anda Matteusarguðspjalls, 10:37–39. Fjölskylda sú sem Þorlákur eignast er samfélag kristinna manna. Hann eignast ekki afkomendur en fær þess í stað kirkjulegt föðurhlutverk, sem prestur, yfirmaður klausturs og biskup. Á dauðastundinni ávarpar Gissur Hallsson hann á eftifarandi hátt í A-gerð sögunnar:

Vér biðjum, herra, þó at þér skilið nú at líkamligri návist sýniliga við oss sé þér oss andligr faðir, árnandi miskunnar við almáttkan Guð.³⁶

Þorláks saga sýnir að höfundur hefur haft innlenda frásagnarhefð á takteinum, hefð af því tagi sem mannfræði Höllu biskupsmóður og

³² Sbr. greiningu Lönnroths á ferðamynstrinu, 1976, 75.

³³ *Biskupa sögur* II 2002, 53.

³⁴ *Biskupa sögur* II 2002, 184–186. Slík hvörf eru liður í frásagnargerð játarasagna, sbr. Gad 1961, 55. Í ævisögum miðalda er sjaldnast um að ræða hægfara þróun persónuleikans. Margt bendir til þess að menn hafi talið hann svo fastmótaðan að óvenjulega atburði, eins og vitranir, hafi þurft til þess að breyta honum og það hafi skipt meira máli í hugarheimi og skynjun miðaldamannsins að vera fremur en að verða. Sbr. Weinstein og Bell 1982, 199.

³⁵ Um mikilvægi ættarinnar hefur mikið verið skrifað, sjá m.a. Hastrup 1990, 44–58. Lög kirkjunnar unnu aftur á móti gegn ættarsamfélagini.

³⁶ *Biskupa sögur* II 2002, 81. Orð hans eru svipuð í B- og C-gerðum sögunnar, en þar er meiri svíðsetning og fyllri frásögn. Þar er því lýst að dúkur hafi verið breiddur yfir andlit Þorláks, en þegar Gissur kom að líki hans hafi hann mælt: „Láti oss sjá fóður várn.“

MANNFRÆÐI HÖLLU BISKUPSMÓÐUR

annarra fróðleiksmanna hefur væntanlega verið. Hann og viðtakendur sögunnar hafa þekkt þess konar mannfræði, sem börn og ungmenni hafa lært, sagnir af dáðum forfeðranna — og úr átthögnum. Innlenda frásagnarhefðin er síðan aðlöguð mynstri og hugmyndaheimi helgrar ævisögu, þar sem sonur Höllu hinnar mannfróðu verður dyggðum prýdd fyrirmund annarra manna.

Heimildir

- Ásdís Egilsdóttir. 1989. Formáli að *Porláks saga helga: elsta gerð Porláks sögu helga ásamt Jarteinabók og efni úr yngri gerðum sögunnar*, 9–52. Reykjavík: Porláksjóður.
- Ásdís Egilsdóttir. 1992. „Eru biskupasögur til?“ *Skáldskaparmál: tímarit um íslenskar bókmenntir fyrra alda* 2: 207–220.
- Biskupa sögur* II. 2002. Útg. Ásdís Egilsdóttir. Íslenzk fornrit 16. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Brands þáttr ɔrva*. 1935. Í *Eyrbyggja saga*, útg. Einar Ólafur Sveinsson og Matthías Þórðarson, 189–191. Íslenzk fornrit 4. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Brennu-Njáls saga*. 1954. Útg. Einar Ól. Sveinsson. Íslenzk fornrit 12. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Corpus Iuris Canonici*. 1881. Útg. Aemilius Friedberg. Lipsiae.
- Delehaye, Hippolyte. 1921. *Les passions de Martyres et les genres littéraires*. Bruxelles: Bureaux de la Socieété des Bollandistes.
- Eyrbyggja saga*. 1935. Útg. Einar Ólafur Sveinsson og Matthías Þórðarson. Íslenzk fornrit 4. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Gad, Tue. 1961. *Legenden i dansk middelalder*. Kaupmannahöfn.
- Gallén, Jarl. 1980–1982. „Botsakrament.“ Í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid* 10, 185–187. Kaupmannahöfn: Rosenkilde og Bagger.
- Grágás: *Islændernes lovþog i fristatens tid* I. 1852. Útg. Vilhjálmur Finsen. Kaupmannahöfn: Det nordiske Literatur-Samfund.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. 1988. „Sturla Þórðarson.“ Í *Sturlustefna*, ritstj. Guðrún Ása Grímsdóttir og Jónas Kristjánsson, 9–36. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Gurevich, Aron. 1988. *Medieval Popular Culture*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Harris, Joseph. 1972. „Genre and Narrative Structure in Some Íslendinga Þættir.“ *Scandinavian Studies* 44(1): 1–24.
- Harris, Joseph. 1976. „Theme and Genre in Some Íslendinga Þættir.“ *Scandinavian Studies* 48(1): 1–28.
- Hastrup, Kirsten. 1990. *Island of Anthropology*. Odense: Odense University Press.

RITUN OG PÝDINGAR

- Heffernan, Thomas. 1988. *Sacred Biography: Saints and Their Biographers in the Middle Ages*. Oxford: Oxford University Press.
- Heimskringla* I. 1941. Útg. Bjarni Aðalbjarnarson. Íslenzk fornrit 26. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Íslendingabók. Landnámaþók*. 1968. Útg. Jakob Benediktsson. Íslenzk fornrit 1. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Íslenzkt fornþréfaspafn: sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og málðaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn* II [Diplomatarium Islandicum]. 1893. Útg. Jón Þorkelsson. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafjelag.
- Koppenberg, Peter. 1980. *Hagiographische Studien zu den Biskupa Sögur: unter besonderer Berücksichtigung der Jóns saga belga*. Bochum: Scandica.
- Lönnroth, Lars. 1976. *Njáls saga. A critical introduction*. Berkeley: University of California Press.
- Sigurður Líndal. 1974. *Saga Íslands* I. Reykjavík: Bókmenntafélagið, Sögufélag.
- Sturlunga saga* I. 1946. Útg. Jón Jóhannesson, Magnús Finnþogason og Kristján Eldjárn. Reykjavík: Sturlunguútgáfan.
- Sverri Tómasson. 1988. *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum. Rannsókn bókmenntaþefðar*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- The First Grammatical Treatise. [Fyrsta málfræðiritgerðin]*. 1972. Útg. Hreinn Benediktsson. Reykjavík: Institute of Nordic Linguistics.
- Vésteinn Ólason. 1983. „Íslendingasögur.“ Í *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, ritstj. Jakob Benediktsson, 135–141. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Vésteinn Ólason. 1985. „Íslendingaþættir.“ *Tímarit Máls og menningar* 1: 60–75.
- Vries, Jan de. 1964–1967. *Altnordische Literaturgeschichte* I. (2. útg.). Berlin: de Gruyter.
- Weinstein, Donald and Rudolph M. Bell. 1982. *Saints and Society: The Two Worlds of Western Christendom, 1000–1700*. Chicago: University of Chicago Press.